

Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum 21. apríl 2009

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum. Á dagskrá er skipulag skólastarfsins, skóladagatal, kennslustundakvóti, ráðningar kennara og önnur mál.

Porkell lagði fram drög að skóladagatali og kennslustundakvóta fyrir skólaárið 2009-2010. Kennslustundakvóti yrði þá 286, þar af 46 skiptistundir, óbreytt frá þessu skólaári. Fræðslunefnd samþykkir tillögu um kennslustundakvóta.

Áætlað er að skólastarf hefjist 25. ágúst og endi 28. maí. Skóladagar eru 180. Fræðslunefnd samþykkir skóladagatal fyrir sitt leyti. Helsta breyting er sú að samræmd lokapróf 10. bekkjar hafa verið aflögð en samræmd könnunarpróf verða lögð fyrir 10. bekk um miðjan september í íslensku, ensku og stærðfræði.

Varðandi kennararáðningar þá óska leiðbeinendur endurráðningar. Aðrir kennarar halda áfram. Porkeli falið að auglýsa lausar stöður. Einn leiðbeinandanna stefnir á útskrift í júní sem kennari.

Grunnskóli Vestmannaeyja mun koma og gista hér eina nótt í maí. Fram kom hjá Porkeli að kaupa þarf dýnur fyrir skólann til að eiga til að taka á móti svona hópum. Einn til tveir skólar hafa verið að koma á ári hverju.

Önnur mál.

Fræðslunefnd ítrekar að sem fyrst verði farið í að ganga frá lóð leikskólans m.a. m.t.t. öryggis leikskólabarna en lóð er enn óafgirt.

Porkell sagði frá því að skyndihjálparnámskeið var haldið fyrir alla starfsmenn Húnavallaskóla og skólabílstjóra. Einnig sóttu starfsmenn Vallabóls námskeiðið. Þetta var 2ja daga námskeið. Áætlað er að kennarar muni fá slíkt námskeið í haust.

Rætt var um sumarlokun Vallabóls, að undangenginni könnun meðal foreldra er líklegt að leikskólinn verði lokaður í júlí.

Þorkell sagði frá því að hótelið tekur til starfa 10. Júní í húsnæði Húnavallaskóla og skilar af sér 18. ágúst. Sami rekstraraðili verður áfram.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir (sign)

Ægir Sigurgeirsson (sign)

Pétur Pétursson (sign)

Sigurður Árnason (sign)

Þorkell Ingimarsson (sign)

Magdalena M. Einarsdóttir (sign)

Maríanna Þorgrímsdóttir (sign)

Eline Schrijver (sign)